











Fundargerð

Fimmtudaginn 16. mars 2023 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

1. Fundargögn

	402 fundargerð 16 02 2023.docx
	403 Dagskrá fundar EFS 16 03 2023.docx
	Drög að ársskýrsla 2022.docx
	Drög að bréfi til sveitarstjórnar mars 2023
	Drög að starfsáætlun EFS 2023.docx
	Fjárhagsáætlun 2023-2026.pdf
	Greinargerð með fjárhagsáætlun .pdf
	Lykiltölur.pdf
	Strandabyggð yfirlit aðgerða - tölvupóstur ...
	Yfirlit um mál í vinnslu mars 2023.xlsx

2. Samþykkt fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir 402 var samþykkt.

3. Starfsáætlun 2023

Lögð voru fram drög að starfsáætlun 2023. Eftir yfirferð nefndarinnar var ákveðið að rita öllum sveitarfélögum bréf um áherslur nefndarinnar fyrir árið 2022. GAG var falið að gera drög að bréfinu.

4. Ársskýrsla 2022

Lögð voru fram drög að ársskýrslu nefndarinnar vegna ársreikninga 2021. Eftir yfirferð nefndarinnar var skýrslan samþykkt og verður birt á heimasíðu ráðuneytisins.

5. Strandabyggð

Fundur með fulltrúum frá Strandabyggð sem voru með á fundinum í gegnum teams. Mætt voru Þorgeir Pálsson oddviti og sveitarstjóri, Salbjörg og Engilbertsdóttir skrifstofustjóri og frá sveitarstjórn voru mætt þau Jón Sigmundsson, Sigríður Guðbjörg Jónsdóttir og Matthías Sævar Lýðsson.

Tilgangur fundarins var að fara yfir fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og fjárhagsáætlun 2023. Fram kemur í samkomulagi milli sveitarstjórnar og innviðaráðherra frá mars 2022 að EFS eigi að funda með sveitarstjórn á samningstímanum. Samkomulagið gildir til lok árs 2023.

Þorgeir byrjaði á að fjalla um skólamálin en á síðasta ári greindist mygla í skólahúsnæðinu og þurfti í kjölfarið að færa kennsluna á þrjá aðra staði í sveitarfélaginu. EFLA tók út húsnæði og kom fram með tvær tillögur sem felast annars vegar í endurgerð á húsnæðinu og hins vegar að byggja nýjan skóla. Búið er að semja við KPMG að stilla upp fjórum sviðsmyndum varðandi kostnað skólahúsnæðis til að meta áhrif á fjárhag sveitarfélagsins. Tímabundin lausn er að kaupa færanlega kennslustofu.

Salbjörg fór yfir fjárhagsstöðuna og í máli hennar kom m.a. fram að samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að jákvæðri afkomu og einnig í fjárhagsáætlun 2023. Ráðist var í sparnaðaraðgerðir samkvæmt tillögum Ráðríks en áhrif þeirra mun ekki gæta fyrr en í lok árs. Búið er að fara í stíft aðhald sem felst meðal annars í því að lágmarksmönnun er í leik- og grunnskóla.

Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að senda Strandabyggð bréf þar sem óskað er eftir uppfærðri fjárhagsáætlun þegar skýrsla frá KPMG varðandi grunnskólann liggur fyrir. Jafnframt verður lagt til að sveitarfélagið skoði að fá sér ráðgjöf varðandi reksturinn.

6. Bréf til innviðaráðuneytis

Umræða um fjárhagsviðmið sveitarfélaga samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Samkvæmt greininni þá eru fjárhagsviðmiðin annars vegar jafnvægisregla og hins vegar skuldaviðmið og gilda þau um A- og B-hluta. Í störfum EFS við yfirferð á fjármálum sveitarfélaga þá er bæði horft til A- og B-hluta og einungis A-hluta. Samkvæmt lögum er A-hluta starfsemi fjármagnaður að hluta eða öllu leyti af skatttekjum. EFS telur mikilvægt að bætt verði í sveitarstjórnarlögin ákvæði um fjárhagsviðmið fyrir A-hluti.

Ákveðið var að rita innviðaráðuneytinu bréf þar sem bent er á að æskilegt sé að fjárhagsviðmiðin gildi einnig fyrir A-hluta.

7. Verkefnaskjal

Verkefnaskjal uppfært.

8. Önnur mál

Engin önnur mál